



Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
175. Mál, lagafrumvarp
152. löggjafarþing 2021–2022.

Umsögn Sambands íslenskra námsmanna erlendis vegna frumvarps um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (lágmarksframfærsla námsmanna).

Samband íslenskra námsmanna erlendis lýsir yfir undrun sinni á ákveðnum atriðum í frumvarpi Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna en fagnar þó umræðu um bætingu á námslánakerfinu. Þar er lagt til að í stað núverandi fyrirkomulags þar sem *“Námsstyrkur skal nema 30% niðurfærslu af höfuðstól námslánsins ásamt verðbótum að námi loknu”* að þá geti námsmenn sem stunda nám sem telst lánshæft skv. II. kafla sótt um námsstyrk til framfærslu sem nemur 72.000 kr. á mánuði miðað við fulla námsframvindu. Þessi breyting myndi hafa það í för með sér að námsmenn fengju aðeins styrk vegna framfærslulána sem þeir tækju hjá Menntasjóði námsmanna en ekki vegna skólagjaldalána. Fyrir margna námsmenn erlendis eru skólagjaldalán bráðnauðsynleg til þess að námsmenn geti stundað það nám sem þeir óska sér. Samkvæmt þessu frumvarpi lítur allt út fyrir það að engir styrkir verði í lánum er tengjast skólagjalda.

Hafa verður í huga að námsmenn í innlendum háskólum njóta stuðnings stjórnvalda með tvennum hætti. Annars vegar í gegnum rekstrarkostnað skólanna, þar sem fjármögnunarlíkan háskólanna gerir ráð fyrir að greitt sé tiltekin upphæð með hverjum nemanda. Hins vegar í gegnum Menntasjóð námsmanna þar sem lánað er fyrir framfærslu og eftir atvikum skólagjöldum einnig. Námsmenn erlendis njóta ekki þess beina stuðnings sem námsmenn innanlands njóta, heldur aðeins styrkja í gegnum Menntasjóð námsmanna og oft vegur styrkur vegna skólagjalda þungt á vogarskálunum. Má líta svo á að sá stuðningur komi að einhverju leyti í stað beinna fjárframlaga til háskóla innanlands. Sú breyting sem hér er lögð til á fyrirkomulagi

námslána, mun því að óbreyttu hafa í för með sér að námsmönnum verður auknum mæli mismunandi eftir því hvort þeir kjósa að stunda nám sitt á Íslandi eða erlendis.

Samkvæmt frumvarpinu er hægt að fá styrkinn í 45 mánuði, en í hefðbundnum skólaárum eru það 5 ár. Ef nemandi þæði styrki allt sitt nám fengi hann styrki í gegnum hefðbundið Bachelor nám og hefðbundið Meistaránám, þ.e.a.s. ef ekkert kæmi upp á hjá nemandanum og hann myndi klára allt á réttum tíma. Í dag getur nemandi fengið lán fyrir 480 ECTS einingum (180 ECTS BA, 120 ECTS MA, 60 í doktorsnám og 120 sem námsmaður ráðstafar af eigin vali) sem myndu vera 8 skólaár og fengi 30% af öllum þessum einingum ef þeim myndi ljúka með gráðu. Þarna er verið að skera út doktorsnema og nánast allt svigrúmið. Með þessu frumvarpi er verið að gera það erfiðara fyrir námsmenn að fara í dýrt og sérhæft nám erlendis en slík sérhæfð menntun er gríðarlega mikilvæg fyrir íslenskt samfélag.

Þorbjörg Sigríður leggur einnig til í frumvarpi sínu að framfærsla námsmanna verði bundin við að lágmarki neysluviðmið ráðuneytis félagsmála. SÍNE fagnar þessari hugmynd þó verði að hafa varan á. Í úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna reiknar sjóðurinn ráðstöfunartekjur námsmanna með því að leggja saman þá framfærslu sem sjóðurinn lánar námsmönnum auk frítekjumarks sjóðsins, þessi undarlega samlagning gerir það að verkum að sjóðurinn getur talið sig vera að ná neysluviðmiði ráðuneytis félagsmála. Þetta þarf að skýra og biðlar SÍNE til allsherjar- og menntamálanefndar að hafa þessa útreikninga Menntasjóðs námsmanna í huga við vinnslu frumvarpsins.

Við fyrstu sýn virðist frumvarpið ekki vera nægilega vel ígrundað og SÍNE gæti ekki stutt það í núverandi mynd.

F.h. sjórnar Sambands íslenskra námsmanna erlendis
Ragnar Auðun Árnason, varðformaður og lánasjóðsfulltrúi